

# Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

## Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 5. mars 202 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn á Teams og hófst fundurinn 11:00

Fundinn sátu: Garðar Freyr Vilhjálmsson, Andri Þór Árnason og Ingibjörg Þórunna Steinudóttir  
Andri Þór ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Reikningur frá Orkubúi vestfjarða

Félaginu barst reikningur stílaður á Þörungamiðstöð Íslands hf. frá Orkubúi vestfjarða fyrir stækkun á heimtaug að upphæð 830 þúsund, óskað er eftir því hvort Hvammur hafi hug á því að koma til móts við Þörungamiðstöðina með niðurfellingu á leigu í óumbeðin tíma. Stjórnarmaður felst á það að skoða málið nánar og athuga ákvæði leigusamnings.

#### 2. Veðskuldabréf.

Andri Þór fylgir undirritun á veðleyfi sem sent var Jóni til undirritunar í síðasta mánuði.

#### 3. Heimasíða

Andri fór yfir niðurstöðu fundar með Pétri frá Stefnu.is þar sem Hvammi var gert tilboð í heimasíðu, valið var útlit á síðunni og Andra falið að senda tillöguna til Péturs sem sér um að setja síðuna upp.

#### 4. Samfélags- og sjálfbærnistefna og fjárfestingastefna félagsins

Farið var yfir vinnuskjöl sem formaður var búinn að senda á stjórn, lögð verður áhersla á fjárfestingastefnu félagsins en samfélags- og sjálfbærnistefnan verða þó væntanlega aðgengilega á heimasíðu félagsins þegar heimasíðan fer í loftið.

#### 5. Síbería

Lagt er að Ingibjörn geri leigjanda fasteignarinnar kauptilboð í eignina, stjórn féllst á það að fyrsta tilboð verði 50 þúsund krónur, Inga hefur þó heimild stjórnar að selja fasteignina á lægra verði. Ef ekki tekst að semja um verð við núverandi eiganda verður eignin auglýst til sölu með öðrum leiðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:55

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Andri Þór Árnason

Garðar Vilhjálmsson

Ingibjörg Þórunna Steinudóttir